

# VORFERÐALAG 8. BEKKJAR GARÐASKÓLA PRIÐJUDAGINN 3. JÚNÍ 2008

## Ágætu nemendur og forráðamenn!

Priðjudaginn 3. júní næstkomandi verður farið í vorferð 8. bekkjar sem er útivistar- og skemmtiferð á Þingvöllum og Úlfjótuvatni

## Ferðatilhögun

Mæting við Garðaskóla er kl. 8.45 og lagt verður af stað kl. 9.00. Áætluð heimkoma er á bilinu kl. 15.45-16.00. **Nemendur skila inn leyfisblaði frá foreldrum til umsjónarkennara ekki seinna en föstudaginn 30. maí**

Ekið verður sem leið liggur á Þingvöllum. Eftir klst. stöpp á Þingvöllum förum við að Úlfjótuvatni en þar verður grillað og leikið sér. Komið verður við í virkjun á leiðinni heim og hún skoðuð.

Tekið skal fram að nemendur í 8. bekk lögðu fram vinnu við að hreinsa til í bænum sínum þann 7. maí sl. og sú vinna skilar sér í því að þau þurfa hvorki að borga fyrir grillmatinn né heldur aðstöðugjaldið á Úlfjótuvatni.

Þó grillað verði eftir hádegi þá er nauðsynlegt að hafa með sér eitthvað hollt gott nesti (smá „kaffipásu“), en verslun í sjoppum verður ekki leyfð í ferðinni.

## Nauðsynlegur útbúnaður

- Fatnaður eftir veðri
- Góðir skór
- Lífsgleði, jákvæðni og góða skapið
- Aukanesti



## Skólareglur og þátttaka

Í ferðum á vegum skólans gilda allar almennar skólareglur. Almennar umgengnisreglur gilda einnig í rútunum á leiðinni. Nemendur Garðaskóla hafa nánast undantekningarlaust staðið sig með þryði í skólaferðalögum og verið sjálfum sér og skólanum til sóma.

Er þess vænst að svo verði einnig í þessari ferð.

Komist nemandi af einhverjum ástæðum ekki í ferðina þarf að láta umsjónarkennara eða skrifstofu Garðaskóla vita. Er það vegna fjölda í rútur og til að skráning ástundunar haldist rétt.

Umsjónarkennari og deildarstjóri 8. bekkjar